

Samkeppnishæfni Íslands árið 2002

Jón Steinsson
Hallgrímur Jónasson



Iðntæknistofnun

Efnisyfirlit

Samkeppnishæfni Íslands árið 2002

Inngangur	3
Samkeppnisvísitala hagvaxtar (GCD)	4
Tæknivísitala	4
Vísitala opinberra stofnana	5
Vísitala efnahagsskilyrða	6
Rekstrarhagfræðileg samkeppnisvísitala (MICI)	8

- Iðntæknistofnun er samstarfsaðili The World Economic Forum á Íslandi
- Vettvangurinn metur árlega samkeppnishæfni landa
- Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Iðntæknistofnun
- www.iti.is



Inngangur

Samkeppnishæfni Íslands árið 2002

Ísland hafnar í 12. sæti á lista yfir samkeppnisvísitölu hagvaxtar árið 2002. Ísland er í fremstu röð hvað varðar upplýsinga- og samskiptatækni (2. sæti) og gæði opinberra stofnana (3. sæti) en er hins vegar mun aftar þegar kemur að nýsköpun (21. sæti) og efnahagsskilyrðum (24. sæti). Slök staða Íslands hvað varðar efnahagsskilyrði er að öllum líkindum tímabundið ástand. Líkur eru á því að Ísland muni hækka hvað þennan mælikvarða varðar strax á þessu ári. Sú lága einkunn sem Ísland fær fyrir nýsköpun er áhyggjuefni og vísbending um að aukin áhersla á nýsköpun sé sú stefna sem mest getur aukið hagvaxtargetu hagkerfisins. Ísland hafnar í 17. sæti á lista yfir rekstrarhagfræðilega samkeppnisvísitölu árið 2002. Helsti styrkur íslensks atvinnulífs frá rekstrarhagfræðilegu sjónarmiði eru traustir innviðir. Helstu veikleikar þess eru hins vegar innlend samkeppni og skortur á þróuðum fyrirtækjaglössum.

- Ísland er í 12. sæti af 80 í samkeppnisvísitölu hagvaxtar
- Ísland er í 24. sæti hvað varðar efnahagsskilyrði
- Ísland er í fremstu röð hvað varðar upplýsinga- og samskiptatækni

<i>Samkeppnishæfni ríkja World Economic Forum</i>		
<i>Ríki</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>
Bandaríkin	1	2
Finnland	2	1
Tæivan	3	7
Singapúr	4	4
Svíþjóð	5	9
Sviss	6	15
Ástralía	7	5
Kanada	8	3
Noregur	9	6
Danmörk	10	14
Bretland	11	12
Ísland	12	16
Japan	13	21
Þýskaland	14	17
Holland	15	8

Samkeppnishæfni landa er metin árlega af stofnuninni The World Economic Forum (WEF). Stofnunin birtir tvo mælikvarða á samkeppnishæfni. Annar heitir samkeppnisvísitala hagvaxtar (e. Growth Competitiveness Index, GCD) og er ætlað að gefa vísbendingu um hagvaxtargetu hagkerfa næstu fimm til átta árin. Hinn heitir rekstrarhagfræðileg samkeppnisvísitala (e. Microeconomic Competitiveness Index, MICI). Honum er ætlað að meta gæði þess viðskiptaumhverfis sem fyrirtæki búa við. MICI er talinn gefa vísbendingu um möguleika lands til þess að nýta framleiðsluþætti og auðlindir á hagkvæman hátt.

Á GCD lista ársins 2002 hafnar Ísland í 12. sæti af 80 og hefur hækkað um fjögur sæti frá fyrra ári. Staða Íslands á þessum lista hefur raunar hækkað ört á síðustu árum. Árið 2000 var Ísland í 23. sæti og hafði þá hækkað úr því 38. síðan 1997. Á MICI lista ársins 2002 hafnaði Ísland í 17. sæti. Staða Íslands á þessum lista hefur nánast staðið í stað á síðustu árum.

Samkeppnisvísitala hagvaxtar (GCD)

Ísland meðal leiðandi þjóða í tækni

Við útreikning GCD vísitölunnar eru notuð tvenns konar gögn. Annars vegar eru notaðar almennar hagstærðir og önnur tölfræði sem birt er af hinum ýmsu stofnunum hvers lands. Hins vegar er notuð könnun sem samstarfsstofnanir The World Economic Forum í hverju landi senda frammámönnum í atvinnulífi þess lands. Með þessum hætti er unnt að líta til mun fleiri þátta við gerð vísitölunnar en litið er til við gerð annarra sambærilegra vísitalna.

Við gerð vísitölunnar er löndunum sem samanburðurinn nær til skipt í tvo flokka. Annars vegar eru tæknileiðandi þjóðir (e. core innovators) og hins vegar þau lönd sem ekki eru talin leiðandi hvað tækni varðar. Land er flokkað sem tæknileiðtogi ef það á 15 eða fleiri einkaleyfi í Bandaríkjunum fyrir hverja milljón íbúa. Ísland hefur talist til tæknileiðtoga síðan árið 2000. Alls eru 24 lönd sem teljast leiðandi í tækni.

- Ísland er í 16. sæti hvað varðar tæknivísitölu
- Alls teljast 24 lönd leiðandi í tækni
- Samkeppnisvísitala hagvaxtar samanstendur af tæknivísitölu, vísitölu opinberra stofnana og vísitölu efnahagsskilyrða

	2002	2001	Vægi
Samkeppnisvísitala hagvaxtar	12. sæti	16. sæti	100%
Tæknivísitala	16. sæti	19. sæti	50%
Nýsköpun	21. sæti	24. sæti	
Upplýsinga og samskiptatækni	2. sæti	2. sæti	
Gæði opinberra stofnana	3. sæti	2. sæti	25%
Efnahagsskilyrði	24. sæti	34. sæti	25%

GCD vísitalan er vegið meðaltal af þremur undirvísitölum: tæknivísitölu (e. technology index), vísitölu opinberra stofnana (e. public institutions index) og vísitölu efnahagsskilyrða (e. macroeconomic environment index). Tæknivísitalan fær tvöfalt vægi við útreikning á GCD vísitölu þegar tæknileiðandi þjóðir eiga í hlut.

Tæknivísitala

Ísland hafnar í 16. sæti hvað tækni varðar, þremur sætum ofar en árið 2001. Tæknivísitalan samanstendur annars vegar af þáttum sem hafa með nýsköpun að gera og hins vegar þáttum sem lúta að upplýsinga- og samskiptatækni (ICT). Talsverður munur er á stöðu Íslands á þessum tveimur sviðum. Þegar aðeins er skoðuð vísitala yfir ICT hafnar Ísland í 2. sæti á meðan Ísland hafnar í 21. sæti þegar litið er til nýsköpunar.

Sterk staða Íslands hvað ICT varðar orsakast af mikilli útbreiðslu tæknibúnaðar s.s. farsíma og internettengdra tölva á Íslandi. Hér er Ísland á meðal efstu þjóða á öllum mælikvörðum. Þegar kemur að stefnu og aðgerðum stjórnvalda varðandi ICT er Ísland ögn neðar en samt á meðal efstu þjóða (í 8. til 21. sæti). Af þessu má ráða að staða Íslands varðandi ICT er til fyrirmyndar. Hún er raunar ein af sterkustu stoðum landsins hvað samkeppnishæfni varðar.

- Rannsóknir og þróun eru líklegust til að auka hagvöx á komandi árum
- Hvetja þarf til aukinnar framhaldsmenntunar á Íslandi
- Ísland er langt á eftir leiðandi löndum hvað varðar fjölda skráðra einkaleyfa
- Aðeins 4% útgjalda til rannsókna koma úr samkeppnis-sjóðum
- Ísland er í fremstu röð hvað varðar gæði opinberra stofnana

Veik staða Íslands í nýsköpun er eitt mesta áhyggjuefnið sem kemur í ljós þegar farið er í gegnum útreikning GCD vísitölunnar. Ísland er meðal 24 landa í heiminum sem eru leiðandi hvað varðar tækni. Hagvöxtur í slíkum löndum byggist að stórum hluta á nýsköpun og tækni framförum sem eiga sér stað innanlands. Slakt gengi Íslands í nýsköpun er vísbending um að aðgerðir til þess að yta undir rannsóknir, þróun og nýsköpunarstarf á Íslandi séu það sem líklegast er til þess að auka hagvöxt á komandi árum.

Helstu orsakir þess að Ísland fær ekki hærrí einkunn fyrir nýsköpun tengjast menntun og menntastofnunum. Ísland hafnar í 24. sæti þegar litið er til fjölda þeirra sem ganga í framhaldsskóla, 34. sæti þegar litið er til fjölda þeirra sem ganga í háskóla, 17. sæti þegar spurt er um gæði stærðfræði- og vísindanáms og einnig þegar spurt er um fjölda verkfræðinga og vísindamanna, 19. sæti þegar spurt er um samskipti háskóla við atvinnulífið og 27. sæti þegar spurt er um gæði rannsóknastofnana. Á öllum þessum sviðum fær Ísland umtalsvert lægri einkunn en þau lönd sem fremst eru í heiminum. Þar að auki er Ísland enn langt á eftir þeim löndum sem fremst standa varðandi fjölda skráðra einkaleyfa.

Af þessu má ráða að efling menntakerfisins svo og aukin áhersla á rannsóknir og frumkvöðlastarf eru mikilvæg í því að auka nýsköpun í atvinnulífinu. Ekki er hlauðið að því að svara því hvernig best sé að efla menntakerfið og því verður ekki svarað í þessari skýrslu. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að hafa í huga að íslenska hagkerfið byggir að mun meira leyti en flest önnur hagkerfi á nýtingu náttúruauðlinda. Menntun er oft og tíðum ekki jafn mikilvæg í þeim atvinnugreinum sem snúa að nýtingu náttúruauðlinda. Virðisauki í þessum atvinnugreinum er samt sem áður mjög mikill, mun hærrí en í öðrum atvinnugreinum sem byggja á ómenntuðu vinnuafli. Því er hagkvæmt að stærra hlutfall íslensku þjóðarinnar kjósi að mennta sig ekki en í öðrum löndum með svipaða VLF á mann. Á móti kemur að til lengri tíma mun hagvöxtur á Íslandi fyrst og fremst byggjast á öðru en nýtingu náttúruauðlinda og því er mikilvægi menntunar til lengri tíma litið jafn mikið hér og annars staðar.

Aukin áhersla á rannsóknir og tækniþróun af hálfu hins opinbera er alls ekki jafn flókin í framkvæmd og efling menntakerfisins í heild. Í því sambandi gegna opinber framlög til samkeppnissjóða lykilhlutverki. Því ber að fagna að í upphafi Alþingis voru samþykkt tvenn ný lög sem snúa að þessum málum. Annars vegar lög um Vísinda- og tækniráð og hins vegar lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Hér á landi koma aðeins um 4% útgjalda til rannsókna úr samkeppnissjóðum. Veik staða Íslands í nýsköpun bendir til þess að æskilegt væri að þessi fjárframlög yrðu aukin til muna, ekki síst í þeim tilgangi að byggja upp öflugan Tækniþróunarsjóð. Aukin fjárframlög til rannsóknarstyrkja efla þar að auki háskólana í landinu og ættu því að hjálpa til við að auka áhuga íslenskra ungmenna á því að stunda háskólanám.

- Há ríkisútgjöld draga Ísland niður hvað varðar vísitölu efnahagsskilyrða
- Fjárfestingar ríkisins í rannsóknum auka hagvöxt en mikil samneysla skaðar hagvöxt
- Bætt peningamálastefna hefur hækkað lánshæfni Íslands og mun bæta stöðu Íslands í samkeppnisvísitölu hagvaxtar

Vísitala opinberra stofnana

Ísland er í fremstu röð varðandi gæði opinberra stofnana. Þar hafnar Ísland í 3. sæti. Þegar aðeins er litið á spillingu er Ísland í 2. sæti, en í því 3. þegar litið er á aðra þætti en spillingu. Í langflestum þeim þáttum sem litið er á þegar þessar vísitölur eru reiknaðar er Ísland mjög ofarlega og fær oftast einkunn sem er nálægt hæstu einkunn sem veitt er. Þó er vert að geta þess að Ísland hafnar í 36. sæti þegar spurt er um innherjaviðskipti. Þetta er eitt af mjög fáum neikvæðum atriðum fyrir Ísland í þessum hluta skýrslunnar. Góð staða opinberra stofnana á Íslandi er vitaskuld mikill styrkur fyrir land og þjóð og eflir mjög hagvaxtargetu hagkerfisins.

Vísitala efnahagsskilyrða

Ísland hafnar í 24. sæti á lista um efnahagsskilyrði. Í vísitölu efnahagsskilyrða fá ríkisútgjöld 25% vægi og lánshæfi ríkisins 25% vægi. Rúmlega þriðjú aðrir þættir fá síðan samtals 50% vægi. Ísland hafnar í 39. sæti þegar litið er til ríkisútgjalda, í 24. sæti þegar litið er til lánshæfis ríkisins og í 44. sæti hvað varðar önnur efnahagsskilyrði. Líkur eru til þess að vísitala efnahagsskilyrða hækki á næstu árum. Þar að auki eru gallar á þessari vísitölu sem koma niður Íslandi. Lágur einkunnir á þessum mælikvarða eru því ekki jafn alvarlegur Akkilesarhæll og ætla mætti í fyrstu.

Reyndar er ólíklegt að ríkisútgjöld lækki sem hlutfall af landsframleiðslu svo neinu nemi á næstu árum. Ríkisútgjöld munu því áfram draga Ísland niður á GCD listanum. Í því sambandi er hins vegar mikilvægt að athuga að rannsóknir benda til þess að talsverður munur sé á skaðsemi ríkisútgjalda hvað hagvöxt snertir eftir því hvernig fénu er varið. Þannig benda rannsóknir til þess að fjárfesting af hálfu ríkisins skili oftast nær miklum arði og auki því hagvöxt. Hins vegar virðist mikil samneysla skaða hagvöxt. Hagfræðingar eru ekki á einu máli um áhrif tekjutilfærslna á hagvöxt. Það verður því að teljast alvarlegur galli á GCD vísitölunni að tekið sé mið af heildarútgjöldum ríkisins en ekki útgjöldum að frádreginni fjárfestingu ríkisins.

Lánshæfi íslenska ríkisins hefur haldið áfram að hækka á undanfönum misserum. Þannig hækkaði Moody's lánshæfi Íslands í Aaa í október. Ísland er þá komið í hæsta lánshæfisflokk hjá Moody's. Þessi breyting mun hækka einkunn Íslands næst þegar GCD vísitalan er reiknuð. Ábyrg stefna sem fylgt hefur verið á síðustu árum í ríkisfjármálum og þær breytingar sem gerðar hafa verið á umgjörð peningamálastjórnar á Íslandi hafa skilað sér í hærri lánshæfi á undanfönum árum. Ef engin breyting verður á þessari stefnu á næstunni er líklegt að lánshæfi ríkisins verði áfram með því hæsta sem gerist í heiminum.

Þeim rúmlega þriðjú öðrum þáttum sem litið er til við útreikning vísitölu efnahagsskilyrða má skipta í nokkra flokka. Fyrst eru spurningar um aðgang að lánsfé, aðgang að hlutafjármörkuðum, stöðugleika bankakerfisins og annað í þeim dúr. Ísland fær í það heila nokkuð háar einkunnir á þessum mælikvörðum. Næst

- Miklar líkur eru á að vísitala efnahagsskilyrða hækki á næsta ári
- Stöðuleiki fjármálakerfisins er kjölfesta framfara
- Efla þarf almenna nýsköpun og útflutning á komandi árum

eru notaðar tölur um hina ýmsu skatta. Þar fær Ísland lágur einkunnir. Virðisaukaskattur er til dæmis hærrí hér en í flestum öðrum löndum. Lækkun tekjuskatts á fyrirtæki niður í 18% mun hins vegar hækka einkunn Íslands á næsta ári. Síðan er litið til alls kyns almennra efnahagsstærða svo sem verðbólgu, vaxtar peningamagns, vaxta, inn- og útflutnings og atvinnuleysis. Hér er um að ræða tölur frá árinu 2001. Einkunnir Íslands á mörgum af þessum mælikvörðum eru því nokkuð lágar. Það mun hins vegar hækka einkunn Íslands næst þegar GCD vísitalan er reiknuð að verðbólga, vöxtur peningamagns og vextir hafa lækkað umtalsvert á síðustu 12 mánuðum.

Sumir mælikvarðarnir sem eru notaðir eru gallaðir þar sem þeir leiðréttu ekki fyrir stærð lands. Þannig er Ísland næst neðst á lista yfir erlenda fjárfestingu og í fimmtugasta sæti yfir stærð hlutabréfamarkaða, en á þessum mælikvörðum er ekki leiðrétt fyrir mismunandi umfang hagkerfisins.

Þegar á heildina er litið er líklegt að vísitala efnahagsskilyrða fyrir Ísland hækki á næsta ári. En há ríkisútgjöld og smæð landsins kemur í veg fyrir að Ísland skipi sér á meðal efstu þjóða hvað þennan mælikvarða snertir. Það mikilvægasta sem stjórnvöld geta gert til þess að tryggja að Ísland standi vel á þessum mælikvarða er að tryggja stöðugleika og þá sérstaklega stöðugleika fjármálakerfisins. Þar hefur vitaskuld mikið áunnist á síðasta áratug. Það myndi einnig hækka einkunn Íslands ef utanríkisverslun landsins ykist. Oft hefur verið bent á að utanríkisverslun Íslands sé í minna lagi miðað við umfang efnahagskerfisins. Stór álver auka vitaskuld utanríkisverslun umtalsvert. Til lengri tíma þarf hins vegar útflutningur Íslendinga að byggjast á innlendri tækni- og vöruþróun. Því er efling nýsköpunar líklega það sem mestu skilar þegar til lengri tíma er litið.

Rekstrarhagfræðileg samkeppnisvísitala (MICI)

Ísland hefur sterka innviði

GCD vísitalan mælir að stærstum hluta þjóðhagfræðilega þætti. En rekstrarhagfræðilegir þættir eru einnig mikilvægir fyrir samkeppnishæfni og velmegun. MICI vísitölunni er ætlað að leggja mat á slíka þætti.

Ísland hafnar í 17. sæti á MICI lista ársins 2002. Á fyrra ári hafnaði Ísland í 16. sæti. Michael Porter bendir á að einkunn landa á MICI skalanum gefi góða vísbendingu um VLF landsins. Þeim mun hærrí sem MICI vísitalan er þeim mun hærrí er líklega VLF. Sum lönd hafa þó hærrí VLF en MICI einkunn þeirra gefur til kynna og sum lægri. Porter flokkar löndin sem könnunin nær til í þrjú flokka. Ísland hafnar í flokki þeirra landa sem hafa hærrí VLF en MICI vísitala þeirra gefur til kynna. Porter gefur þá skýringu að nýting náttúruauðlinda geti hækkað VLF upp fyrir það sem MICI vísitalan gefur til kynna. Í mörgum tilfellum eru náttúruauðlindirnar óendurnýjanlegar. Þá er líklegt að VLF lækki niður í það sem MICI vísitalan gefur til kynna þegar þær hafa verið fullnýttar. Náttúruauðlindir Íslands eru endurnýjanlegar og því ætti VLF Íslands að geta haldist hærrí en MICI vísitalan gefur til kynna til frambúðar.

Við útreikning á MICI vísitölunni er lítið til fjögurra þátta: innviða, innlendirar samkeppni, fyrirtækjaklasa og rekstrarumhverfis fyrirtækja. Ísland virðist vera í fremstu röð hvað innviði varðar. Þannig fær Ísland til dæmis fullkomna einkunn fyrir gæði rafmagnskerfisins og simakerfisins. Einkunnir Íslands fyrir hafnarkerfið, póstkerfið, heilbrigðiskerfið og skólakerfið eru einnig mjög háar. Íslenska flugkerfið fær ögn lægri einkunn og einu mælikvarðarnir sem Ísland fær lágur einkunnir fyrir eru gæði vega- og lestarakerfisins. Athyglisvert er hvað Ísland fær háa einkunn fyrir gæði skólakerfisins í þessum hluta skýrslunnar. Aðrar spurningar sem snerta íslenska skólakerfið komu mun verr út eins og fjallað var um hér áður. Þegar á heildina er lítið er ljóst að góðir innviðir er mikill styrkur fyrir atvinnulífið á Íslandi.

Ísland hafnar mun neðar þegar spurt er um innlenda samkeppni. Þar lendir Ísland nokkurn veginn í miðjum hópi þeirra 80 þjóða sem könnunin nær til. Hér kemur það vitaskuld niður á Íslandi hversu lítið hagkerfið er. Könnunin virðist einnig hygla löndum fyrir að búa við innlenda samkeppni. Það liggur hins vegar í augum uppi að land sem er jafn lítið og Ísland kemst ekki hjá því að treysta að stórum hluta á erlenda samkeppni ef tryggja á samkeppni á annað borð. Í þessum hluta skýrslunnar fær Ísland hins vegar háar einkunnir fyrir nýjungagirni neytenda og fyrir það hversu auðvelt er að stofna til fyrirtækjareksturs. Því miður vantaði talsvert af gögnum fyrir Ísland í þessum hluta skýrslunnar.

Staða Íslands varðandi tilvist fyrirtækjaklasa er ekki sérlega sterk heldur. Ísland hafnar í 20. - 35. sæti á flestum þeim mælikvörðum sem notaðir voru í þessum hluta skýrslunnar. Staða Íslands varðandi staðla og reglugerðir var reyndar nokkru betri (15. sæti), en þeim mun verri þegar kemur að spurningum um tengsl fyrirtækja (35. sæti og 39. sæti) og innlenda framleiðslu hluta og parta (39. sæti). Ekki er

- Þegar innlend samkeppni er metin lendir Ísland í miðjum hópi þeirra 80 landa sem tóku þátt í könnuninni
- Ísland fær háa einkunn fyrir nýjungargirni neytenda
- Stofnun fyrirtækja er auðveldari á Íslandi en í mörgum þátttöku-löndunum
- Staða Íslands er ekki sterk með tilliti til fyrirtækjaklasa

- Ísland virðist búa við miðstýrðan vinnumarkað
- Góð samkeppnislög og virkt eftirlit í samkeppnismálum er mikilvægur þáttur
- Erlend samkeppni og frjáls viðskipti eru til heilla

ólíklegt að stærð Íslands háí landinu hvað myndun fyrirtækjaklasa snertir. Tilvist fyrirtækjaklasa byggir iðulega á stærðarhagkvæmni. Ísland er ekki nægilega stórt til þess að nýta sér slíka stærðarhagkvæmni í mörgum atvinnugreinum. Íslenskt atvinnulíf sérhæfir sig því meira í geirum þar sem stærðarhagkvæmni er ekki jafn mikilvæg og klasamyndun ekki fyrir hendi í eins miklum mæli.

Við útreikning á MICI vísitölunni eru notaðar rúmlega tuttugu spurningar sem hafa með rekstrarumhverfi fyrirtækja að gera. Ísland hafnar í langflestum tilfellum í um það bil 20. sæti hvað þessa þætti varðar. Því er erfitt að benda á þætti sem eru í sérstaklega góðu eða slæmu ásigkomulagi á Íslandi varðandi rekstrarumhverfi fyrirtækja. Þó er eitt atriði þar sem einkunn Íslands er mjög lág. Það er þegar spurt er um miðstýringu vinnumarkaðarins. Íslensk fyrirtæki virðast búa við afar miðstýrðan vinnumarkað í mörgum atvinnugreinum og hefur það neikvæð áhrif á MICI vísitölu Íslands.

Þegar á heildina er litið virðast góðir innviðir vera helsti styrkur hagkerfisins frá rekstrarhagfræðilegu sjónarmiði. Helsti veikleikinn er hins vegar innlend samkeppni og skortur á þróuðum fyrirtækjaklösnum. Erfitt er að sjá hvað íslensk stjórnvöld geta gert til þess að ýta undir myndun fyrirtækjaklasa. Eins og fjallað var um hér að framan byggja slíkir klasar að stórum hluta á stærðarhagkvæmni sem er ekki fyrir hendi á Íslandi. Varðandi samkeppni er æskilegt að hlutverk stjórnvalda sé mun meira. Góð samkeppnislög og virkt eftirlit í samkeppnismálum er gríðarlega mikilvægt. En einnig er mikilvægt að ýtt sé undir erlenda samkeppni með því að hafa erlend viðskipti sem frjálsust. Þar að auki er mikilvægt að komið sé í veg fyrir of mikla hringamyndun innan atvinnulífsins. Í því sambandi er mikilvægt að í gildi séu góð lög sem vernda rétt lítilla hluthafa. Líta má til Bandaríkjanna um fyrirmynd að slíkri löggjöf.

*Jón Steinsson er í doktorsnámi við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.
Hallgrímur Jónasson er forstjóri Iðntæknistofnunar*

*Iðntæknistofnun er samstarfsaðili World Economic Forum á Íslandi.
Á heimasíðu Iðntæknistofnunar (www.iti.is) er skýrslan *Aukin hagsæld-Áskorun til næstu ára*, sem fjallar um framleiðniþróun á Íslandi og samanburð við önnur lönd, sem Iðntæknistofnun og Samtök iðnaðarins létu gera,*